



**Láναςjóður sveitarfélaga ohf.**

**Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2020**

## Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Eiginfjáryfirlit .....	8
Sjóðstremisýfirlit .....	9
Skýringar .....	10-28

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lögum um sjóðinn nr. 150/2006 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Hjá Lánasjóðnum starfa þrjú starfsmenn líkt og verið hefur frá árinu 2009.

## Afkoma og efnahagur

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður tímabilsins 477,8 milljónum króna samanborið við 480,2 milljónir króna á sama tíma árið 2019.

Heildareignir sjóðsins í lok tímabilsins voru 130,5 milljarðar króna á móti 117,0 milljörðum króna í árslok 2019. Útlán og kröfur sjóðsins námu 122,1 milljarði króna í lok tímabilsins samanborið við 110,2 milljarða í árslok 2019. Þá nam eigið fé 18,8 milljörðum króna á móti 18,3 milljörðum króna í árslok 2019 og hefur hækkað um 2,6% á tímabilinu. Ákveðið var að greiða ekki út arð vegna hagnaðar 2019 til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár. Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 260% en var 70% í árslok 2019.

Hluthafar sjóðsins eru 72. Lánasjóðurinn er í eigu allra sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%. Sundurliðun hluthafa sjóðsins má finna í skýringu 29.

Lánasjóðurinn fékk vottun á græna umgjörð fyrir útgáfu grænna skuldabréfa frá alþjóðlegum vottunaraðila Sustainalytics í október 2019 og var í framhaldinu heimilt að hefja útgáfu á grænum skuldabréfum. Fyrsta útboð Lánasjóðsins á grænu skuldabréfi LSS040440 GB var haldið 19. febrúar 2020. Útboðið gekk vonum frammar, eftirspurnin var mjög góð, ávöxtunarkrafa var 1,35% og samþykkt voru tilboð að fjárhæð 1,1 milljarði. Til samanburðar var haldið útboð í LSS34 á sama tíma og var ávöxtunarkrafa 1,40%, vaxtamunur sem skilar sér til sveitarfélaga sem fjárhagslegur ávinningur við fjármögnun á umhverfisbætandi verkefnum.

Lánasjóðurinn fjármagnar lánveitingar sínar með útgáfu skuldabréfa á innlendum markaði. Á tímabilinu hélt sjóðurinn 11 útboð í flokkum, LSS150434, LSS151155 og LSS040440 GB og var heildarsöluvirði þeirra útboða 15,2 milljarðar króna. Til samanburðar voru á árinu 2019 haldin 10 útboð yfir allt árið og var heildarsöluvirði þeirra útboða 15,8 milljarðar króna. Heildar útgæfið nafnverð í skuldabréfaflokki LSS150434 er 64,8 milljarðar króna í lok tímabilsins, 23,1 milljarðar króna í flokki LSS151155 og 1,1 milljarðar króna í LSS040440 GB.

Í nóvember 2019 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga sem staðfesti ákvörðun EES nefndar um meðal annars að bæta Lánasjóði sveitarfélaga ohf. við upptalningu á aðilum sem falla ekki undir tilskipun Evrópuþings og -ráðs 2013/36/ESB um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og fjárfestingafyrirtækjum. Undanþágan breytir ekki gildandi starfsleyfi eða starfsemi sjóðsins. Hins vegar gerir undanþágan stjórnvöldum kleift að undanþiggja sjóðinn hluta þess regluverks sem almennt gildir um lánastofnanir. Lánasjóðurinn hefur sent ráðuneyti Samgöngu- og sveitastjórna minnisblað og lýst yfir vilja sínum að falla áfram almennt undir það regluverk sem um fjármálafyrirtæki gildir sem og eftirlit Seðlabankans, með þeirri ósk að stjórnsýsluframkvæmd Seðlabankans taki mið af sérstöðu sjóðsins og starfsramma hans samkvæmt 3.gr. laga nr. 150/2006.

Aðalfundur Lánasjóðsins var haldinn 12. júní 2020. Sökum samgöngubanns vegna COVID-19 faraldursins var fundurinn haldinn seinna en kveðið er á um í samþykktum sjóðsins. Samþykktar voru tillögur stjórnar sjóðsins um breytingar á samþykktum sjóðsins sem meðal annars fólu í sér möguleika á að halda hluthafafundi rafrænt hvort heldur í heild eða hluta. Einnig var samþykkt tillaga stjórnar um að á árinu 2020 verði ekki greiddur út arður vegna afkomu 2019 til hluthafa til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár. Það er hagur sveitarfélaga í landinu að geta leitað til Lánasjóðsins þegar á reynir og með ákvörðunni um að greiða ekki arð þá jókst svigrúm sjóðsins til að styðja við og þjónusta stærstu sveitarfélögin.

## Áhættuþættir

### Eiginfjárlutfall

Fjármálafyrirtækjum ber að nota viðeigandi eiginfjáruka til að bæta eiginfjárstöðu sína til viðbótar við lágmarks eigið fé og vera þannig betur í stakk búin til að takast á við áföll í rekstri eða sveiflur í hagkerfinu. Lánasjóðnum bar að binda 4,50% eigið fé til viðbótar við 8% lágmarks eiginfjárlutfall frá 1. febrúar 2020. Viðbótin skiptist í 2,50% verndunarauka annars vegar og 2,0% sveiflujöfnunarauka hins vegar. Hins vegar ákvað Seðlabankinn í kjölfar COVID-19 faraldursins að lækka sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki niður í 0% frá og með 19. mars 2020. Eiginfjárlakrafa fyrir Lánasjóðinn þann 30. júní 2020 er því nú 10,50%.

Lánasjóðurinn hefur ákveðið að nýta mildunarákvæði við eiginfjárukreikninga vegna lögbundinnar sérstöðu sjóðsins. Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 geta sveitarfélög veitt sjóðnum veð í tekjum sínum vegna lána sem þau taka hjá sjóðnum og vegna ábyrgða sem þau veita honum samkvæmt 1. og 2. mgr. 69.gr. sömu laga.

Þetta felur í sér að Lánasjóðurinn mun við eiginfjárútreikning samkvæmt staðalaðferð nýta sér mildun vegna lána til sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja sem tryggð eru með veði í tekjum sveitarfélaga, samanber 2. gr. reglugerðar nr. 835/2012. Við beitingu mildunar fá umræddar áhættuskuldbindingar, að því marki sem veð er fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum.

Fjárhagsstaða Lánasjóðsins er sterk og var vegið eiginfjárlutfall sjóðsins 70% miðað við ársreikning 31. desember 2019. Nýting á veittri heimild er til þess fallin að styrkja stöðu og hlutverk Lánasjóðsins enn frekar. Eiginfjárlutfall sjóðsins hækkar í 260% miðað við stöðu útlána þann 30. júní 2020. Sjá nánar í skýringu 26.

#### *Útlánaáhætta*

Þann 30. júní 2020 voru engar áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum flokkaðar sem stórar áhættuskuldbindingar hjá Lánasjóðnum. Útlán til sveitarfélaga eru skilgreind sem stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglugerð nr. 233/2017 ef heildarskuldbindingar gagnvart einu sveitarfélagi (og dótturfélögum sveitarfélagsins) að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Vegna ákvörðunar Lánasjóðsins að nýta sér viðkomandi mildunarákvæði vegna lána til sveitarfélaga sem tryggð eru með veði í tekjum, þá fá umræddar áhættuskuldbindingar, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum. Til hliðsjónar voru tvær áhættuskuldbindingar til staðar hjá Lánasjóðnum í árslok 2019.

#### *Lausafjárstýring*

Í samræmi við lög nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands þá er honum heimilt að ákveða hvaða innlánsstofnunum er heimilt að eiga innistæður í bankanum og hvaða lánastofnanir geta átt regluleg viðskipti við bankann. Í október 2019 ákvað peningastefnunefnd Seðlabankans að lánafyrirtæki, þar með talin Lánasjóður sveitarfélaga, gætu ekki átt í viðskiptum við bankann frá og með 28. febrúar 2020 og að bindisskyldutímabili Lánasjóðsins myndi ljúka 20. mars 2020. Þá var viðskiptareikningum sjóðsins hjá Seðlabankanum lokað frá og með 31. mars 2020.

Lausafjárstýring sjóðsins hefur því breyst við þessa ákvörðun Seðlabankans og er nú viðameiri en áður. Áhersla hefur verið lögð á áhættulausar og áhættulitlar fjárfestingar. Þannig hefur verið fjárfest í ríkisbréfum og ríkisvixlum, sértrygðum skuldabréfum, peningamarkaðsinnlánum og lausafjárstöðum viðskiptabankanna. Áhrif stýrivaxtalækkanna hefur þannig meiri áhrif nú þegar ávöxtun á ríkisbréfum til skamms tíma er neikvæð.

Nánari umfjöllun um áhættustýringu sjóðsins er að finna í skýringu 4.

#### **Efnahagsþættir**

Áhrif COVID-19 faraldursins eru viðtæk og mikil á efnahag landsins. Ríkisstjórnin hefur staðið fyrir aðgerðaráætlunum vegna efnahagslegra afleiðinga. Ríkissjóður hefur stóraukið útgjöld sín til að auka flæði í hagkerfinu og styðja við heimilin og fyrirtækin í landinu. Seðlabanki Íslands greip einnig til viðtækra aðgerða til að milda áfallið fyrir heimili og fyrirtæki í landinu og styðja við fjármálakerfið. Stýrivextir voru lækkaðir um samtals 1 prósentustig, bindisskylda lánastofnana lækkuð úr 1% niður í 0%, skilgreining á veðhæfum eignum í viðskiptum lánastofnana við Seðlabankann útvíkkuð og sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki aflétt. Einnig tilkynnti Seðlabankinn um bein kaup á skuldabréfum ríkissjóðs á eftirmarkaði, til að tryggja aukið laust fé í umferð og halda niðri ávöxtunarkröfu á ríkisskuldabréf.

Í fyrsta skipti í hagsögu Íslands er ávöxtunarkrafa stuttra ríkisskuldabréfa neikvæð á markaði. Stýrivaxtalækkun Seðlabankans hefur haft þau áhrif að Lánasjóðurinn hefur fengið góða ávöxtunarkröfu í útboðum sínum og stendur sveitarfélögum til boða að taka útlán hjá sjóðnum til 14 ára eða til ársins 2034 á 1,21% föstum verðtryggðum vöxtum. Lægri útlánvextir skila sér til sveitarfélaga í lægri vaxtakostnaði.

Nánari umfjöllun um efnahagsleg áhrif COVID-19 er að finna í skýringu 2.

#### **Stjórnunarhættir**

Í samræmi við 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki ber stjórn Lánasjóðsins ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkum rekstri, aðskilnaði og komi í veg fyrir hagsmunaárekstra. Stjórn Lánasjóðsins hefur tileinkað sér góða stjórnunarhætti og fylgir "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2015. Það er hlutverk stjórnar að gæta þess að sjóðurinn sé rekinn í samræmi við lög og reglur sem um hann gilda á hverjum tíma. Megin hlutverk sjóðsins er að útvega sveitarfélögum lánsfjármagn á sem hagstæðustu kjörum.

## Áritun og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árslutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna fyrstu sex mánaða ársins 2020 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og ákvæði reglna þar að lútandi.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra gefur samandreginn árslutareikningur sjóðsins glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu 30. júní 2020 og rekstrarafkomu sjóðsins vegna fyrstu sex mánaða ársins 2020.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samandreginn árslutareikning sjóðsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. ágúst 2020



Kristinn Jónasson  
stjórnarformaður



Arna Lára Jónsdóttir



Helga Benediktsdóttir



Elliði Vignisson



Guðmundur Baldvin Guðmundsson



Óttar Guðjónsson  
framkvæmdastjóri

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020. Samandreginn árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

## Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á samandregnum árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 19. ágúst 2020

PricewaterhouseCoopers ehf.



Arna G. Tryggvadóttir  
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2020

		<b>2020</b>	<b>2019</b>
	<b>Skýr.</b>	<b>1.1.-30.06.</b>	<b>1.1.-30.06.</b>
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		3.470.523.481	3.412.468.021
Vaxtagjöld og verðbætur .....		<u>(3.041.845.642)</u>	<u>(2.867.823.669)</u>
<b>Hreinar vaxtatekjur samtals</b>	5	428.677.839	544.644.352
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>			
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði .....	6	91.357.744	7.450.769
Hreinn gjaldeyrismunur .....	7	69.644.628	34.161.838
Niðurfærsla útlána skv. IFRS 9 .....	16	<u>(2.590.117)</u>	<u>(1.983.586)</u>
<b>Aðrar rekstrartekjur samtals</b>		158.412.255	39.629.021
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>		587.090.094	584.273.373
<b>Almennur rekstrarkostnaður</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	8	42.514.319	39.249.457
Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu .....	9	29.566.160	27.173.248
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME .....		6.419.000	6.236.000
Annar rekstrarkostnaður .....	10	<u>30.746.051</u>	<u>31.382.192</u>
<b>Almennur rekstrarkostnaður samtals</b>		109.245.530	104.040.897
<b>Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins</b>		<u>477.844.564</u>	<u>480.232.476</u>
<b>Hagnaður á hlut</b>			
Grunnhagnaður og þýntur hagnaður á hlut .....	11	0,10	0,10

## Efnahagsreikningur 30. júní 2020

	Skýr.	30.6.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
Innstæður í Seðlabanka .....	12	0	4.828.320.442
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar .....	13	3.867.125.569	817.472.600
Markaðsverðbréf og skuldabréf .....	14	2.953.385.115	411.085.117
Útlán og kröfur á lánastofnanir .....	15	1.473.877.211	285.236.842
Útlán og kröfur á viðskiptavini .....	16,19	122.116.231.216	110.202.620.912
Skammtímaútlán .....	17	17.039.738	450.525.000
Rekstrarfjármunir .....	18	42.916.628	43.514.442
Aðrar eignir .....		481.556	944.623
<b>Eignir samtals</b>		<u>130.471.057.033</u>	<u>117.039.719.978</u>
<b>Skuldir</b>			
Verðbréfaútgáfa .....	19, 20	107.844.750.821	95.275.371.886
Aðrar langtímalántökur .....	21	3.231.005.238	2.939.032.414
Skammtímalántökur .....	22	547.826.207	455.973.511
Lífeyrisskuldbinding .....	23	81.069.675	82.808.237
Leiguskuldbinding .....	24	2.919.196	2.919.196
Aðrar skuldir .....	25	7.243.952	5.217.354
<b>Skuldir samtals</b>		<u>111.714.815.089</u>	<u>98.761.322.598</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		5.000.000.000	5.000.000.000
Lögbundinn varasjóður .....		1.300.025.400	1.252.307.222
Annað eigið fé .....		12.456.216.544	12.026.090.158
<b>Eigið fé samtals</b>	26	<u>18.756.241.944</u>	<u>18.278.397.380</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u>130.471.057.033</u>	<u>117.039.719.978</u>



## Eiginfjárfirlit 1. janúar til 30. júní 2020

	Hlutfé	*Bundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Breytingar á eigin fé 2020</b>				
Eigið fé 1. janúar .....	5.000.000.000	1.252.307.222	12.026.090.158	18.278.397.380
Hagnaður tímabilsins .....			477.844.564	477.844.564
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting .....		47.718.178	(47.718.178)	0
Eigið fé 30. júní .....	5.000.000.000	1.300.025.400	12.456.216.544	18.756.241.944
<b>Breytingar á eigin fé 2019</b>				
Eigið fé 1. janúar .....	5.000.000.000	1.250.000.000	11.661.587.356	17.911.587.356
Arðgreiðsla vegna ársins 2018 .....			(428.000.000)	(428.000.000)
Hagnaður tímabilsins .....			480.232.476	480.232.476
Eigið fé 30. júní .....	5.000.000.000	1.250.000.000	11.713.819.832	17.963.819.832
Hagnaður júlí - desember .....			314.577.548	314.577.548
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting .....		2.307.222	(2.307.222)	0
Eigið fé 31. desember .....	5.000.000.000	1.252.307.222	12.026.090.158	18.278.397.380

\* Bundinn varasjóður samanstendur af lögbundnum varasjóði og bundinni óinnleystri gangvirðisbreytingu. Samkvæmt lögum um ársreikninga ber að binda eigið fé vegna óinnleystra gangvirðisbreytinga sem takmarka möguleika til arðgreiðslu. Sjá nánar í skýringu 26.

## Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2020

	Skýr.	1.1.-30.6.2020	1.1.-30.6.2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður tímabilsins .....		477.844.564	480.232.476
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi</b>			
Hreinar vaxtatekjur teknar út .....		(428.677.839)	(544.644.352)
Verðbætur, gengismunur og áfallnir vextir .....	16, 20	192.613.889	134.816.802
Afföll, lántökugjald og lántökupóknun skuldabréfa .....	16, 20	(129.023.866)	(41.350.456)
Lagt í virðisrýrnunarsjóð skv. IFRS 9 .....	16	2.590.117	1.983.586
Afskriftir .....	18	597.814	597.814
		<u>(361.899.885)</u>	<u>(448.596.606)</u>
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>			
Veitt útlán og kröfur til viðskiptavina .....		(15.323.230.607)	(11.430.113.086)
Innheimt útlán og kröfur til viðskiptavina .....		5.534.122.382	4.194.425.398
Verðbréfaútgáfa og önnur langtímalántaka .....		15.033.913.388	11.261.997.244
Afborganir verðbréfaútgáfu og annara langtímalána .....		(3.992.146.926)	(3.538.789.432)
Breytingar á ríkisskuldabréfum og ríkisvixlum .....		(3.010.332.656)	0
Breytingar á markaðsverðbréfum og skuldabréfum .....		(2.512.273.478)	(198.509.864)
Breytingar á veittum skammtímalánum .....		433.000.000	(150.000.000)
Breytingar á teknum skammtímalánum .....		91.597.767	(11.003.509)
Breytingar á lífeyrisskuldbindingu .....		(1.738.562)	(1.725.394)
Breytingar á öðrum eignum .....		463.067	461.675
Breytingar á öðrum skuldum .....		2.026.598	95.572.035
Innheimtir vextir .....		1.744.339.497	1.791.391.717
Greiddir vextir .....		<u>(1.717.678.166)</u>	<u>(1.612.126.567)</u>
		<u>(3.717.937.696)</u>	<u>401.580.217</u>
<b>Handbært fé (til) rekstrar</b>		(3.601.993.017)	433.216.087
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Arðgreiðsla til sveitarfélaga .....		0	(428.000.000)
		<u>0</u>	<u>(428.000.000)</u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>		(3.601.993.017)	5.216.087
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....		(37.687.056)	(16.788.767)
Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>5.113.557.284</u>	<u>6.314.231.775</u>
Handbært fé í lok tímabils .....		<u>1.473.877.211</u>	<u>6.302.659.095</u>
<b>Sundurliðun handbærs fjár</b>			
Föst bindiskylda í Seðlabanka .....		0	148.827.345
Innstæður í Seðlabanka .....		0	5.864.111.603
Útlán og kröfur á lánastofnanir .....		1.473.877.211	289.720.147
		<u>1.473.877.211</u>	<u>6.302.659.095</u>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits, Seðlabanka Íslands. Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta í NASDAQ Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti samandreginn árshlutareikning sjóðsins þann 19. ágúst 2020.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003.

Samandreginn árshlutareikningur inniheldur ekki jafn ítarlegar upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa hann með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2019. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef sjóðsins [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is), sem og á vef NASDAQ Iceland hf., [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

### *Rekstrarhæfi*

Stjórn Lánasjóðsins hefur lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi sjóðsins og hefur eðlilegar væntingar um að sjóðurinn hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi reksturs. Samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðsins er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

### *Mat og ákvarðanir*

Gerð árshlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda í árshlutareikningum. Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrif af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

### *Efnahagsleg áhrif COVID-19 faraldursins*

Útbreiðsla COVID-19-sjúkdómsins og viðbrögð stjórnvalda víða um heim hafa haft í för með sér verulega röskun á starfsemi fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisins, hér á landi sem og á heimsvísu. Stjórnvöld lýstu yfir neyðarstigi almanna vegna kórónaveirusmits (COVID-19), þann 6. mars 2020. Á meðal aðgerða sem gripið var til að hefta útbreiðslu veirunnar voru einangrun, sóttkví, fjarlægðarmörk samfélagsþegna, fjöldatakmarkanir á samkomum og mannamótum, ferðatakmarkanir og lokanir þjónustu sem ekki telst samfélagslega ómissandi. Þessar ráðstafanir hafa meðal annars haft í för með sér mikla röskun á rekstri fyrirtækja sem neyðst hafa til að loka eða takmarka starfsemi sína um óákveðin tíma. Allt þetta hefur leitt til niðursveiflu í hagkerfinu og aukins atvinnuleysis.

Ríkisstjórnin setti fram aðgerðaráætlanir vegna efnahagslegra afleiðinga COVID-19. Aðgerðirnar miðuðust að því að milda og stytta áhrif á fyrirtæki og hagkerfið og stuðla að skjótum bata. Aðgerðirnar beindust að því að draga úr atvinnuleysi og áhrifum tekjumissis einstaklinga með greiðslu hlutabóta vegna skerts starfshlutfalls. Fyrirtækjum var gert mögulegt að sækja um greiðslur úr ríkissjóði til að greiða uppsagnarfrest starfsmanna, tryggð aðstoð með ríkistryggðum brúarlánum að uppfylltum skilyrðum og veittir sérstakir lokunarstyrkir. Einnig mun ríkissjóður ásamt sveitarfélögum styðja atvinnulífið með frestun skattgreiðslna og auka flæði í hagkerfinu með auknum ríkisútgjöldum, sérstaklega í formi framkvæmda og fjárfestinga. Til að fjármagna aukin ríkisútgjöld tilkynnti ríkissjóður stórukaða skuldabréfaútgáfu.

Að auki ákvað Seðlabanki Íslands að grípa til viðtækra aðgerða til að milda áfallið fyrir heimili og fyrirtæki í landinu og styðja við fjármálakerfið, sem meðal annars fólu í sér að lækka stýrivexti um samtals 1 prósentustig, lækka bindisskyldu lánastofnana úr 1% niður í 0%, útvíkka skilgreiningu á veðhæfum eignum í viðskiptum lánastofnana við Seðlabankann og lækka sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki úr 2% í 0% af áhættugrunni. Einnig tilkynnti Seðlabankinn um bein kaup á skuldabréfum ríkissjóðs á eftirmarkaði, til að tryggja aukið lausa fé í umferð og halda niðri ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa.

### *Áhrif COVID-19 á sveitarfélögin*

Áhrif COVID-19 á starfsemi sveitarfélaga hafa verið töluverð. Væntingar eru um að sveitarfélög leggi sitt af mörkum til að auka flæði í hagkerfinu með auknum framkvæmdum og fjárfestingum, á sama tíma og áætlað er að tekjur sveitarfélaga dragist saman. Verulegum samdrætti er spáð í útsvarstekjum sökum aukins atvinnuleysis, samdráttar hjá ferðaþjónustufyrirtækjum og lægra framlags frá Jöfnunarsjóði. Árið 2018 voru erlendir ferðamenn um 2,3 milljónir og þrátt fyrir 14% samdrátt 2019 voru erlendir ferðamenn um 2 milljónir. Í ágúst 2019 var talið að um 30 þúsund launþegar hafi starfað við ferðaþjónustu. Jöfnunarsjóður hefur tilkynnt að framlög vegna 2020 verði lækkuð um 3,8 milljarða. Það er mat stjórnenda sjóðsins að áhrifin af faraldrinum hafi ekki ennþá komið fram nema að litlu leyti en búast má við að tekjur sveitarfélagana dragist saman. Ætla má að tekjumissir verði mismunandi eftir sveitarfélögum og landsvæðum.

### *Áhrif og aðgerðir Lánasjóðsins*

Lánasjóðurinn hefur átt í reglulegum samskiptum við forsvarsmenn sveitarfélaga og aflað sér tiltækra upplýsinga um fjárhagsstöðu þeirra. Lánasjóðurinn hefur spáð því að aukin eftirspurn verði eftir útlánum. Með tilkynning til Nasdaq þann 8. maí var útgáfuáætlun sjóðsins uppfærð. Aukningin nemur 11 - 12 milljörðum og verður í heildina 25 - 30 milljarðar á árinu 2020.

Lánasjóðurinn hefur einungis heimild til að lána til verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Undir það falla framkvæmdir og fjárfestingar sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu, endurfjármögnun eldri lána og afborgana eldri lána sem sannanlega hafa verið notuð til slíkra framkvæmda. Sökum þeirrar miklu óvissu sem skapast hefur í kjölfar COVID-19 þá er ekki útilokað að almenn efnahagsleg þýðing taki til fjármögnunar á rekstri sveitarfélaga. Til þessa hafa sveitarfélög ekki sótt um lán til að fjármagna almennan rekstur.

Lánasjóðurinn hefur ákveðið að nýta mildunarákvæði við eiginfjárútreikninga vegna lögbundinnar sérstöðu sjóðsins. Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 geta sveitarfélög veitt sjóðnum veð í tekjum sínum vegna lána sem þau taka hjá sjóðnum og vegna ábyrgða sem þau veita honum samkvæmt 1. og 2. mgr. 69. gr. sömu laga.

Þetta felur í sér að Lánasjóðurinn mun við eiginfjárútreikning samkvæmt staðalaðferð nýta sér mildun vegna lána til sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja sem tryggð eru með veði í tekjum sveitarfélaga, samanber 2. gr. reglugerðar nr. 835/2012. Við beitingu mildunar fái umræddar áhættuskuldbindingar, að því marki sem veð er fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum.

Lánasjóðurinn mun einnig beita sömu sjónarmiðum um mildun við útreikning á stórum áhættuskuldbindingum, samanber 1. mgr. 74. gr. reglugerðar nr. 233/2017, þ.e. að líta megi á tryggðan hluta ábyrgðarskuldbindingar sem áhættuskuldbindingu ríkisins.

Fjárhagsstaða Lánasjóðsins er sterk og var vegið eiginfjárhlutfall sjóðsins 70% miðað við ársreikning 31. desember 2019. Nýting á veittri heimild er til þess fallin að styrkja stöðu og hlutverk Lánasjóðsins enn frekar en til hlíðsjónar hefði vegið eiginfjárhlutfall sjóðsins hækkað í 392% miðað við stöðu útlána þann 31. desember 2019. Sjá nánar í skýringu 26.

Með því að nýta sér þessa mildunarreglu þá er Lánasjóðurinn betur í stakk búinn að þjónusta sveitarfélög landsins.

### *Mat á væntu útlánatapi*

Ekki er ástæða til breytinga á mati á væntu útlánatapi sökum áhrifa af COVID-19. Sveitarfélögin hafa heimild til að veita Lánasjóðurinn veð í tekjum sínum. Einnig er ljóst í samræmi við 71. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að sveitarfélög verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta. Þrátt fyrir óvissu í tekjugrunni sveitarfélaga þá nægir það ekki til að uppfylla þær skilgreiningar sem lagðar eru til grundvallar tilfærslu á milli þrepa við mat á væntu útlánatapi. Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu falla áfram undir þrep 1 og er niðurfærslan metin út frá 12 mánaða væntu útlánatapi þar sem engin aukning hefur átt sér stað í útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu.

### 3. Yfirlit um helstu reikningskilaaðferðir

Við gerð árschlutareikningsins er beitt sömu reikningskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2019.

### 4. Áhættustýring

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra, hins vegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins, en áhættuþættir eins og lausafjárahætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfseminni. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki, en hún er þó meðal annars til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

#### 4.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta Lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs, sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögnum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi sbr. kafla VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Sveitarfélögin hafa reynst traustir greiðendur og hefur aldrei komið til afskriftar vegna lána til sveitarfélaga eða félaga í þeirra eigu frá því að Lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967. Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu falla undir þrep 1 við mat á niðurfærslu samkvæmt virðisrýmunarlíkani vænts útlánataps IFRS 9.

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem þau veita. Stefna Lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum. Þann 30. júní 2020 eru öll langtímalán til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

Fjárhæð útlánaáhættu sem til verður með veitingu útlána kemur fram í bókfærðu virði safnsins í efnahagsreikningi. Lánasjóðurinn fer yfir allar lánsúmsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrgðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál eru lögð fyrir stjórn, annað hvort til ákvörðunar eða kynningar.

#### *Stórar áhættuskuldbindingar*

Þann 30. júní 2020 voru engar áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum flokkaðar sem stórar áhættuskuldbindingar hjá Lánasjóðnum. Útlán til sveitarfélaga eru skilgreind sem stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglugerð nr. 233/2017 ef heildarskuldbindingar gagnvart einu sveitarfélagi (og dótturfélögum sveitarfélagsins) að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Vegna lögbundinnar sérstöðu Lánasjóðsins hefur hann ákveðið, frá og með 30. júní 2020, að nýta sér mildunarákvæði vegna lána til sveitarfélaga sem tryggð eru með veði í tekjum sveitarfélaga, sbr. 2. gr. reglugerðar 835/2012. Við beitingu mildunar fá umræddar áhættuskuldbindingar, að því marki sem veð er fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum. Án mildunar væru fjórar áhættuskuldbindingar til staðar hjá Lánasjóðnum í lok tímabilsins en voru tvær í árslok 2019.

#### 4.1.1 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánasjóðurinn lánar eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar Lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögunum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðslustöðvun eða leiti nauðasamninga. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendir fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá FME. Mótaðilaáhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekin fyrir af stjórn.

#### 4.1.2 Mótaðilaáhætta

Framkvæmdastjóri hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Fylgst er reglulega með stöðu lána og vanskila. Á tímabilinu hefur ekki komið til þess að sjóðurinn beiti veðrétti sínum í tekjum sveitarfélaga.

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu mótaðilaáhættu sjóðsins.

	30.6.2020	31.12.2019
<b>Staða mótaðilaáhættu vegna liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi í m.kr.:</b>		
Innstæður í Seðlabanka .....	0	4.828
Útlán og kröfur á lánastofnanir .....	1.474	285
Útlán og kröfur á viðskiptavini .....	122.133	110.653
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar .....	3.867	817
Markaðsverðbréf og skuldabréf .....	2.953	411
<b>Samtals mótaðilaáhætta</b>	<b>130.428</b>	<b>116.995</b>

#### 4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er hluta af vaxtaberandi skuldum sjóðsins haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika. Lánasjóðurinn mælir, reiknar og fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir sínar á gjalddaga. Eftirfarandi töflur sýna greiðsluflæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir miðað við samningsbundnar endurgreiðslur.

Staða 30.6.2020 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
<b>Fjáreignir</b>						
Útlán og kröfur á lánastofnanir .....	1.474	-	-	-	-	1.474
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar .....	3.867	-	-	-	-	3.867
Markaðsverðbréf og skuldabréf .....	2.953	-	-	-	-	2.953
Útlán og kröfur á viðskiptavini .....	681	3.328	12.134	46.605	87.148	149.896
<b>Samtals fjáreignir</b>	<b>8.975</b>	<b>3.328</b>	<b>12.134</b>	<b>46.605</b>	<b>87.148</b>	<b>158.190</b>
<b>Fjárskuldir</b>						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur .....	548	2.197	11.503	41.613	85.483	141.344
<b>Samtals fjárskuldir</b>	<b>548</b>	<b>2.197</b>	<b>11.503</b>	<b>41.613</b>	<b>85.483</b>	<b>141.344</b>
<b>Nettó eignir - skuldir</b>	<b>8.427</b>	<b>1.131</b>	<b>631</b>	<b>4.992</b>	<b>1.665</b>	<b>16.846</b>

Staða 31.12.2019 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
<b>Fjáreignir</b>						
Útlán og kröfur á lánastofnanir .....	4.956	-	-	-	-	4.956
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar .....	818	-	-	-	-	818
Markaðsverðbréf og skuldabréf .....	411	-	-	-	-	411
Útlán og kröfur á viðskiptavini .....	616	3.005	10.912	44.881	77.660	137.074
<b>Samtals fjáreignir</b>	<b>6.801</b>	<b>3.005</b>	<b>10.912</b>	<b>44.881</b>	<b>77.660</b>	<b>143.259</b>
<b>Fjárskuldir</b>						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur .....	516	2.921	9.129	39.559	73.757	125.882
<b>Samtals fjárskuldir</b>	<b>516</b>	<b>2.921</b>	<b>9.129</b>	<b>39.559</b>	<b>73.757</b>	<b>125.882</b>
<b>Nettó eignir - skuldir</b>	<b>6.285</b>	<b>84</b>	<b>1.783</b>	<b>5.322</b>	<b>3.903</b>	<b>17.377</b>

### 4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta

Varðandi vaxtaáættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem Lánasjóðurinn getur breytt einhliða.

#### Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 30.6.2020 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
<b>Fjáreignir</b>					
ISK verðtryggt .....	11.323	34.953	29.758	39.641	115.675
ISK óverðtryggt .....	10.981	-	-	-	10.981
EUR .....	3.620	-	-	-	3.620
USD .....	46	-	-	-	46
GBP .....	9	-	-	-	9
JPY .....	44	-	-	-	44
CHF .....	79	-	-	-	79
<b>Samtals fjáreignir</b>	<b>26.102</b>	<b>34.953</b>	<b>29.758</b>	<b>39.641</b>	<b>130.454</b>
<b>Fjárskuldir</b>					
ISK verðtryggt .....	9.308	30.454	25.842	42.242	107.845
ISK óverðtryggt .....	548	-	-	-	548
EUR .....	3.231	-	-	-	3.231
<b>Samtals fjárskuldir</b>	<b>13.087</b>	<b>30.454</b>	<b>25.842</b>	<b>42.242</b>	<b>111.625</b>
<b>Nettó eignir - skuldir</b>	<b>13.015</b>	<b>4.499</b>	<b>3.916</b>	<b>(2.601)</b>	<b>18.829</b>

#### Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2019 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
<b>Fjáreignir</b>					
ISK verðtryggt .....	9.557	33.734	24.247	36.117	103.655
ISK óverðtryggt .....	9.921	-	-	-	9.921
EUR .....	3.281	-	-	-	3.281
USD .....	42	-	-	-	42
GBP .....	9	-	-	-	9
JPY .....	40	-	-	-	40
CHF .....	71	-	-	-	71
<b>Samtals fjáreignir</b>	<b>22.921</b>	<b>33.734</b>	<b>24.247</b>	<b>36.117</b>	<b>117.019</b>
<b>Fjárskuldir</b>					
ISK verðtryggt .....	8.089	29.568	21.188	36.430	95.275
ISK óverðtryggt .....	456	-	-	-	456
EUR .....	2.939	-	-	-	2.939
<b>Samtals fjárskuldir</b>	<b>11.484</b>	<b>29.568</b>	<b>21.188</b>	<b>36.430</b>	<b>98.670</b>
